

PM1 Partners Meeting 1.
Gower College Swansea Wales.

Ferð á fyrsta fund í Work Mentor verkefninu.

Fulltrúar VMA:
Jóhannes Árnason verkefnastjóri,
Ketill Sigurðarson og
Óskar Ingi Sigurðsson

Föstudagur 7. október 2011.
Jóhannes fór til Reykjavíkur vegna persónulegra erinda um kl. 14 en fluginu seinkaði dálítið. Lentur í Reykjavík um kl. 15.



Syðsti hluti Bretlands. Fundurinn í Swansea í Wales.

Um nóttina var herfilegt veður á suðvestur horninu en ekki eins slæmt fyrir norðan.

Laugardagur 8. október.

Um morguninn fékk Jóhannes fréttir af töfum á flugi frá Akureyri. Óskar fékk farinu breytt þannig að þeir Ketill fengu að vera með fyrstu vél til Reykjavíkur. Upphaflega áætlunin hafði verið að fara með flugi kl. 12.50 og lenda í Reykjavík kl. 13.25. Þar ætlaði Jóhannes að vera með bílaleigubíl og taka þá tvo og Andrés Pétursson frá Leonardo skrifstofunni með í Leifsstöð. Þetta breyttist vegna seinkunnar á fluginu frá Akureyri.

Jóhannes tók Andrés með í Kópavogi um kl. 13.45. Leiðin lá til Keflavíkur með viðkomu á bensínstöð og þar munaði 5 sekúndum að Jóhannes yrði rennblautur í skýfalli og hagléli. Við komuna í Leifsstöð var gott að Óskar var búinn að for innrita VMA hópinn. Vegabréfinu rennt í skanna og þá kom brottfararspjald. Skila bílaleigubílnum og svo í gegnum vegabréfaskoðun.

Óskar og Ketill komust af stað í flugi um kl. 13.30 og lentu í Reykjavík um kl. 14.15. Þaðan í leigubíl beinustu leið til Keflavíkur. Þeir komust í tæka tíð áður en innritun lauk.

Eftir kaffi og smá verslun í Leifsstöð fórum við um borð. Óskar passar að fá sæti við neyðarútgang. Óskar við ganginn, Ketill við gluggann, neyðarútganginn (slökkviliðsmaður og skyndihjálparkennari), Jóhannes í miðjunni. Skást uppá plássíð líklega, barnið í miðjunni.

Flugið gekk vel. Fórum í loftið um kl. 16.30 í stað 16.10 og lentum í London eftir smá hringsól vegna umferðar um kl. 19 eða um kl. 20 að staðartíma.



Icelandair þota sem fór til London

Eftir að við komum úr vélinni tók við gönguferð að vegabréfaskoðun og farangursfæriböndum. Þaðan að Central Bus Station til að ná rútu til Reading.


Þar biðum við í hálf tíma eða svo og svo tók við rútuferð til Reading og hún tók um 50 mínútur. Af lestarstöðinni var 7 – 8 mínútna gangur með töskur að Quality Hotel Reading. Það er í miðri borginni. Öll húsin um fjórar hæðir og í miðborginni eru þau alveg sambyggð meðfram götunni. Herbergin lítil en snyrtileg. Á neðstu hæð var Tandoori veitingastaður og salurinn notaður líka fyrir morgunmatinn.

Árni Sveinn kom og leiðbeindi okkur á pub og við smökkuðum bjór og spjölluðum frameftir kvöldi.

Sunnudagur 9. október.

Um morguninn var ágætur morgunverður og svo skildu leiðir fram að hádegis. Jóhannes fékk að fara með Óskari í heimsókn til Margrétar Jóns og Árna Sveins. Margrét kennir við MA en er í námsorlofi í Reading og Árni sinnir verkfræðistörfum að heiman. Óskar hafði pantað varahluti í bíl og fengið þá senda til þeirra.

Kaffi og fleira hjá Margréti. Við fengum meðal annars að heyra af skólum sem börnin þeirra sækja.



Á ganginum í Quality Hotel Reading

Um kl. 12.45 voru Óskar og Jóhannes komnir á lestarstöðina og þar voru Ketill og Andrés komnir.

Við fórum í lestina kl. 13.15. Lestarferðin var góð, talsvert margir farþegar fyrst frá Heathrow en fór fækkandi. Lestin á endastöð í Swansea, kl. 15.56.

Frá lestarstöðinni í svörtum breskum leigubíl í 15 mínútur frá Swansea til Mumbles (16.20) sem er nokkurskonar úthverfi Swansea. Þar fóru Ketill, Óskar og Jóhannes á Glen View Guesthouse og Andrés hélt áfram í leigubílnum á Langland Cove Guesthouse sem er 300 metrum lengra.

Glen View Guesthouse er virðulegt stórt hús, hefur verið stórt einbýlishús en nú eru 6 – 8 herbergi í því.



Setustofan í risinu.

Ketill fékk frekar lítið herbergi á annarri hæð en Jóhannes og Óskar fengu risið þ.e. heila íbúð með tveimur mjög fínum herbergjum, sameiginlegu baði og setkróki. Mjög flott.

Um kl. 19.30 hittumst við sem gistum á Glen View niðri og gengum yfir á hitt gistihúsið. Þaðan var gengið í 20 mínútur á veitingahúsið Shiraz og Caroline frá Gower College í Swansea stjórnaði hópnum í kvöldverði.

Mumbles er lítil skagi, nokkurskonar klettaskagi en hann er líka hluti af stærri skaga sem kallast Gower. Mumbles er annar endinn á því sem kallast Swansea Bay eða

Swansea flói. Swansea er um það bil eina klukkustund frá Cardiff sem er stærsta borg Wales. Swansea er næst stærst með um 100.000 íbúa.



Glen View Guesthouse.

Þátttakendur í fundinum voru:

VMA: Jóhannes, Ketill og Óskar. Andrés Pétursson.

Gower College í Swansea: Caroline Townsend Jones, Don Hawkins og Katy Miller.

Riverside Englandi: Philip Broomhead.

Axxell Finnlandi: Tanja Halttunen.

Jules Rieffel, Nantes Frakklandi: Mireille Rioual og Nicolas Bizeul.

IFSAT, Hollandi: Bas Timmers

Skjetlein Ressurssenter, Þrándheimi, Noregi: Ingvild Espelien og Bente Ryen

Mánudagur 10. október.

Vaknað og morgunverður kl. 8.00. Morgunverður í kjallaranum sem er með svalir fyrir framan, húsið stendur í brattri brekku. Fín borðstofa og Chris sem rekur gistihúsið bauð okkur cooked English breakfast, pylsu, egg, beikon, tómata og sveppi.

Jóhannes fór með Tönju í leigubíl með pappíra og slíkt en Óskar og Ketill gengu með hópnum í 20 mínútur að Castellamare sem er veitingahús nánast á enda Mumbles skagans úti við sjóinn. Þar voru fundir haldnir og við borðuðum hádegisverð.

Fundurinn gekk vel, Jóhannes verkefnisstjóri stýrði fundinum en Caroline sem stýrir alþjóðlegum verkefnum í Gower college sá um praktíska hluti.

Jóhannes sýndi glærur til að gefa yfirlit um verkefnið og af hverju VMA vildi vera í verkefninu og útskýrði á hvaða hópi nemenda fókusinn yrði þegar við tölum við vinnustaði að fá fólk til að verða mentorar nemenda og taka þátt í að prufukeyra efni fyrir mentora. Aftast í glærusýningunni var yfirlit um fundi með tillögum að dagsetningum.

Caroline kynnti Mentora hugmyndafræði og þau verkefni sem höfðu verið unnin í því samhengi, Gower hefur verið að vinna með slíkt í nokkur ár.

Eftir þetta var litið á kostnaðaráætlunina

Hópurinn þurfti að skera niður um 13.000 Evrur alls. Jóhannes lagði strax til að skornar yrðu 2.500 Evrur af áætluðum kostnaði við vefsíðu og hann yrði áætlaður 2.500 Evrur í stað 5.000 Evra. Eftir voru þá 10.500 evrur og ákveðið var að hver partner legði til 1.500 Evru niðurskurð og þannig yrðu hlutföllin í heildar kostnaðaráætluninni mjög svipuð því sem upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir.

Hádegisverður var vel útlátinn. Þetta er talsvert stórt veitingahús og okkur til nokkurrar furðu voru gestir í hádeginu til viðbótar við okkur.

Veðrið virtist einhvern veginn ekki vera mjög heillandi. Það var að vísu um það bil 15 stiga hiti en talsverður vindur og þungskýjað og súld öðru hverju.

Farið var í gegnum verkáætlun og hún samþykkt eins og hún lá fyrir svo langt sem hún náði.

Eftir hádegisverð var haldið áfram að skoða verkefnið, tala um aðferðir og ýmislegt.

Eftir fundinn um kl. 16 löbbuðum við til baka á gistihúsið. Þar hvíldum við okkur, unnum að því að hugsa verkefnið og spjalla en svo var kvöldverður.

Við fórum út úr gistihúsinu og gengum niður aðalgötuna framhjá gistihúsinu okkar beint að miðbæ Mumbles. Þar er veitingahúsið PA's. Við fengum prýðilega máltíð og spjölluðum. Óskar og Jóhannes þekktu alla þátttakendurna nema frá Gower College og fólk var að rifja upp kynnin og ræða ýmislegt varðandi það sem fólk er að fást við í skólum og einkalífi.



Mikilvægur svona verkefna er að kynnast og ræða málin.

Þriðjudagur 11. október.

Morgunverður aftur hjá Chris í kjallaranum og svo löbbuðum við til Castellamare. Það tók ca 20 mínútur.

Við byrjuðum daginn á að læra um Mentor aðferðir. Hvert og eitt okkar fékk heilmikið hefti úr verkefni sem kallaðist Implementor en þar var framsetning efnisins mjög bókleg / academic. Don Hawkins sem hefur unnið að þessari þróun á Mentor aðferðum í Gower College (áður Gorseinon College) í að minnsta kosti 10 ár kynnti þetta fyrir okkur. Hann lagði til að við myndum skoða vel aðrar gerðir af framsetningu efnisins sem hafa verið unnar í hinum ýmsu verkefnum fyrir mismunandi hópa. Miðað við það sem hann hafði heyrt um nemendur okkar taldi hann að oft myndi myndræn framsetning henta betur tilvonandi mentorum sem munu líklega hafa álíka bakgrunn. Þar nefndi hann eitthvað sem kallast The Rough Guide to Mentoring.

Efnið sem um ræðir er sem sagt námsefni í því að verða mentor/starfsfóstri og við þurfum að nýta efni sem hægt er að taka úr öðrum verkefnum og breyta því þannig að það henti til að fræða tilvonandi mentora sem taka að sér nemendur á vinnustöðum.

Við skiptum okkur í vinnuhópa og skoðuðum efnið. Philip og Don settu fram hugmynd um að skipta efninu upp og VMA tók að sér nokkurskonar inngangskafla þar sem fjallað er um það hvað er að vera mentor.

Hádegisverður með sama sniði og daginn áður. Andrés frá Leonardo skrifstofunni kvaddi hópinn og fór í leigubíl á lestarstöðna í Swansea til að fara í flug til Íslands um kvöldið.

Eftir hádegisverð unnum við aftur í hópum og bjuggum settum fram tillögur að spurningum í könnun til að leggja fyrir vinnuveitendur. Philip mun taka þær saman og senda uppkast af stað. Við ákváðum líka skilafresti á þessum gögnum. Spurningalistinn verði til sem fyrst og svo verði farið yfir niðurstöðurnar á fundi í Þrándheimi í maí 2012.

Tilgangurinn með spurningalista eða könnun er að fá fram viðhorf og ábendingar vinnuveitenda/ vinnustaðanna um það að senda fólk á námskeið um það að verða mentorar, hvort vinnustaðurinn sjái hag í því t.d. varðandi þróun vinnuafls á staðnum að

starfsmenn verði betri starfsmenn með því að læra um mentor aðferðir. Þessar ábendingar á svo að nota til að breyta og aðlaga það efni sem er til þannig að það henti til að þjálfra mentora á vinustöðum, þ.e. starfsfóstra.

Í lokin fór Jóhannes yfir það sem fólk hafði gert varðandi breytingar á fjárhagsáætlun og að lokum var farið yfir Gantt kort af næstu mánuðum og það sem þarf að vinna af verkefnum og hvenær þau eru á dagskrá.

Fundinum var lokið um kl. 16.

Ketil fór með Ingvild og Bente í verslunarferð en Óskar og Jóhannes gengu eftir stíg meðfram ströndinni til baka á gistihúsið. Veðrið var gott, um 15 stiga hiti, talsverð gola og öldur við ströndina og heldur að birta en skýjað.

Fram að kvöldmat vorum við að brasa hver í sínu lagi.



Óskar með ströndina í baksýn.

Kvöldverður var á Langland Brasserie. Þessi veitingastaður var við ströndina, dálítill sandströnd með mörgum smáhýsum í snyrtilegum röðum. Fólk hélt áfram að spjalla og kynnst og svo fóru allir á gistihús, fyrstu þurftu á fætur kl. 4 til að fara í flug frá Cardiff til Amsterdam og svo áfram til Nantes.

Miðvikudagur 12. október.

Jóhannes, Óskar og Ketill vöknúðu um kl. 5.30 að staðartíma og fengu morgunverð hjá Chris, eiginmaður hennar er leigubílstjóri og hann hafði ekið Mireille og Nicolas til Cardiff. Hann sá svo um að koma okkur til Swansea. Komnir þangað um kl. 6.15.

Við fórum í lest kl. 6:28 frá Swansea en þegar lestarvörður leit á miðana áttu þeir við næstu lest á eftir 6:58, þannig að við fórum út á næstu stöð og biðum í 30 mínútur. Skýringin var að Jóhannes las rangt á miðana en hafði fengið þá lýsingu í afgreiðslunni að lestin færi kl. 6:28. Það var eins gott að við fórum ekki of seint í lestina.

Lestarferðin var fín. Við komum til Reading um kl. 9:25, keyptum miða í Rail Air rútu til Heathrow og hún fór af stað kl. 9:50.

Rútuferðin tók um 50 mínútur. Við fórum út við innganginn á Terminal 1 þannig að við vorum komnir í innritun rétt um kl. 11. Engin röð og allt gekk smurt. Vopnaleit (nú eru til fínar myndir af Óskari) og matur á Gíraffanum í flugstöðinni.

Við vorum komnir um borð í þotu Icelandair um kl. 12.50 en vegna umferðar um völinn fórum við ekki af stað fyrr en um kl. 13.30 eða hálf tíma eftir áætlun.

Íslensk blöð, náðum ekki sæti við neyðarútgang þannig að nú var talsvert þrengra um okkur. Jóhannes að sjálfsögðu á milli stóru mannanna. Lent í Keflavík um kl. 15.40.

Rúta frá Keflavík til Reykjavíkur og svo í flugi til Akureyrar. Komnir heim um kl. 18.30. Svo er bara að vinna upp það sem beið eftir okkur.